

## HPE-2018-01 Eyjasamstarf

Umsækjandi er Hríseyjarskóli. Síðastliðinn vetur hófu skólarnir í Hrísey og Grímsey samstarf sem gafst mjög vel. Þetta verkefni er hugsað til þess að efla samstarf skólanna enn frekar. Skólarnir hafa áður fengið styrk fyrir verkefni sem hét veðrið og í því fólst m.a. uppsetning á veðurstöðvum í bæði Hrísey og Grímsey. Þetta verkefni er hugsað sem framhald af veðurverkefninu og í því felst m.a. heimsókn skólans til Grímseyjar auk fræðslu um veður og veðurfar.

Verkefnið fellur mjög vel að markmiðasetningu byggðapróunarverkefnisins vegna tenginga við skólann og samfélagið.

Verkefninu var úthlutað 520.000 kr.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.